

# Öngstræti heilbrigðiskerfisins

## Eftir Elínu Ebbu Ásmundsdóttur

GEFIRÐU manni fisk, seður þú hungur hans í eitt skipti, en kennir þú honum að veiða, seður þú hungur hans til frambúðar. Þetta kínverska spakmæli var á baksiðu fyrsta íslenska kynningarbæklingisins um iðjuþjálfun fyrir 20 árum og er enn í fullu gildi.

Markaðssókn nú til dags gengur út á að skapa sifjellt nýjar þarfir og heilbrigðiskerfið er þar engin undantekning. Heilbrigðiskerfi okkar Íslendinga þykir með því besta sem fyrirfinnst og það er hárrétt miðað við þær forsendur að gefa skuli hungruðu fólki fisk. Við kæmum aftur á móti illa út ef gengið yrði út frá þeim forsendum að kenna ætti fólki að veiða fiskinn.

10. október er dagur geðheilbrigðis og í ár var hann tileinkaður geðheilbrigði barna og ungmenna. Geðhjálp sá um fræðslu í tilefni dagsins og yfirskriftin var á hvern hátt ofbeldi og áföll hafa áhrif á geðheilbrigði barna og unglínga. Andlegu heilbrigði barna hefur hrakað síðustu áratugi og foreldrar geta ekki firt sig ábyrgð eða skellt skuldinni á það þjóðfélög sem við höfum kosið að vera hluti af. Ég fæ alltaf hroll þegar upp koma háværar raddir um að við þurfum að fjölga stofnunum með fleiri fræðingum. Þetta er í mínum huga það að fá fleira fólk til að gefa fleira fólki fisk.

Vitundarvakning hefur orðið um að geðheilbrigði skiptir alla máli og hafa þar margir lagt hönd á plóg. Til að hrósa örfáum aðilum sem haft hafa frumkvæði í að hrinda af stað þessari vakningu vil ég nefna Landlæknisembættið, Geðrækt, Heilsuefandi



„Íslenska tryggingakerfið hefur komið á fót einokun í lík-

ingu við Danskinn forðum.“

skóla, Vinnueftirlit ríkisins og síðast en ekki síst einstaklinga sem deilt hafa reynslu sinni opinberlega; einstaklinga sem miðla okkur af reynslu sinni af því að „fiska“, á máli sem við skiljum og getum heimfært í okkar daglega líf.

Geðræktinni var komið á fót til að miðla þekkingu til almennings á aðgengilegan hátt. Þannig gæti hinn almenni borgari eft heilsu sína með því að taka ábyrgð á þeim þáttum sem vitað er að hafa áhrif á vellíðan og þar með geðheilsu. Aðferðir Geðræktarinnar felast ekki í skyndlausnum eins og samfélag okkar byggist orðið á, heldur er markmiðið að allir græði. Dæmi um verkefni Geðræktarinnar er fræðsluefni ætlað forskóla- og grunnskólabörnum, um tilfinningar og andlega líðan. Efnid eflir tilfinningagreind og er hugsað sem viðbótarefni í lífsleiknikennslu. Síðastliðinn vetur fór af stað samstarf Jafningjafræðslunnar og Geðræktarinnar varðandi sjálfsmynd; hvað hefur áhrif á sjálfsmyndina? Hvað getum við gert til að efla hana? Góð sjálfsmynd er besta streituvörnin. Geðorðin 10 hafa verið prentuð á póstkort og boli í yfir 70.000 eintökum sem dreift hefur verið um landið. Þau eru einfaldur

boðskapur um hugmyndir að eflingu jákvæðrar hugsunar og þar með árangurs í lífinu. Síðasta verkefni Geðræktarinnar er samvinna við Verzlunarmannafélag Reykjavíkur sem bíður félagsmönnum sínum upp á námskeið þar sem markmiðið er að auka vellíðan í vinnu.

Heilbrigðisráðherra hefur blásið í herlúðra og ætlar nú að láta endurskoða heilbrigðiskerfið, enda tími til kominn þar sem það þenst út eins og illkynja æxli og þjóðin virðist ekki sýna nein batamerki. Mikilvægt er að í breiðfyllkingu ráðherra hljómi líka raddir notenda. Ráðherra og fólki hans óska ég velfarnaðar í þessu starfi svo starfsheiti hans og ráðuneyti standi undir nafni. Vonandi fær hann fólk í lið með sér sem getur nálgast vandann á annan hátt en gert hefur verið; liðsmenn sem geta, þora og vilja spyrja: Hversu hátt hlutfall ráðstöfunarfjár heilbrigðismála fari í „að gefa fisk“ og hve stór hluti fari í að kenna fólki „að veiða“? Hvernig er árangur í heilbrigðiskerfinu mældur? Telst árangurinn meiri eftir því sem fleiri eru „meðhöndlaðir“ eða kunn- um við að meta það sem gert er til þess að fólk geti sjálft tekið ábyrgð á eigin heilsu. Í Kína í keisarans tíð fékk líflæknirinn einungis laun þegar keisarinn var við góða heilsu en þau voru felld niður þegar hann veiktist. Mikil virðist þetta fjarlægð okkar fari.

Miklir hagsmunir eru í húfi, og enginn vill missa spón úr aski sínum. Íslenska tryggingakerfið hefur komið á fót einokun í líkingu við Danskinn forðum.

---

*Höfundur er forstöðuiðjuþjálfari  
geðsviðs LSH og lektor við HA.*